

Undirritaðir aðilar: Sveitarfélagið Árborg kt. 650598-2029, Austurvegi 2, 800 Selfoss í samningi þessum nefndur seljandi og Björgunarfélag Árborgar (BFÁ), kt. 470483-0839, Árvegi 1, 800 Selfossi í samningi þessum nefndur kaupandi gera með sér svofelldan:

### KAUPSAMNING

#### 1. gr.

Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupendur til þess að kaupa neðangreinda eign seljanda:

Um er að ræða sölu á hluta af eign seljanda í fasteigninni Árvegi 1, Selfossi. Um er að ræða skv. eignaskiptasamningi (sbr. fylgiskjal nr. 4) eign 0101, 412,2 m<sup>2</sup> að stærð, eign 0003, geymsla, 0102, skrifstofur og 0112, milliloft, 0201, félagsheimili. Birt stærð séreignarinnar er 689,9 m<sup>2</sup>. Þá er einnig um að ræða skv. eignaskiptasamningi rými 0113, 15,2 m<sup>2</sup> að stærð. Fastanúmer 2513644 TRS

Innifalið í kaupunum er 17 m<sup>2</sup> rými merkt svæðisstjórn, 6,1 m<sup>2</sup> rými merkt fjarskiptaherbergi og 19,9 m<sup>2</sup> rými merkt stjórnstöð í miðrými húsnæðisins. Rými þessi eru seld með þeirri kvöð að þau eru ætluð til sameiginlegra nota allra viðbragðsaðila á svæðinu, þ.á.m. Almannafráttarnefndar Árnessyslu og viðbragðsaðila á vegum hennar, sem stjórnstöð vegna aðgerða, s.s. við leit og björgun eða vegna náttúruhamfara eða annarra atvika þar sem þörf er á að virkja sameiginlega stjórnstöð. Þá er BFÁ óheimilt að framlægja umrætt svæði eða ráðstafa því til starfsemi sem ekki samrýmist þeirri skilgreiningu sem kemur fram hér að framan.

#### 2. gr.

Kaupverð hins selda er umsamið kr. 48.200.000,- krónur fjórutíuogáttamilljónirogtvöðruþúsund 00/100 og greiðist þannig:

- |   |                  |
|---|------------------|
| 1) Við undirskrift kaupsamnings   | kr. 9.000.000,-  |
| 2) Með peningum þann 1. janúar 2012   | kr. 3.666.000,-  |
| 3) Með peningum þann 1. janúar 2013   | kr. 3.666.000,-  |
| 4) Með peningum þann 1. janúar 2014   | kr. 3.666.000,-  |
| 5) Með peningum þann 1. janúar 2015   | kr. 3.666.000,-  |
| 6) Með peningum þann 1. janúar 2016   | kr. 3.666.000,-  |
| 7) Með peningum þann 1. janúar 2017   | kr. 3.670.000,-  |
| 8) Með útgáfu skuldabréfs til 10 ára með einum gjalddaga á ári og fyrstu greiðslu þann 1. mars 2013 (sbr. fylgiskjal nr. 2) | kr. 17.200.000,- |

Greiðslur skv. liðum 2 til 7 verða í formi þjónustu sem innt verður af hendi fyrir Sveitarfélagið Árborg á árunum 2011 til 2016 og með afhendingu á vörum á sama tímabili. Skal yfirlit yfir veitta þjónustu og andvirði vöru sem afhent eru sveitarfélaginu tekið saman í árslok ár hvert. Fylgiskjal nr. 1 (þjónustusamningur) felur í sér nánari útfærslu á þeim verkefnum sem falla undir liði 2 til 7 og er það skjal óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

Skjal nr. 319  
Móttekið til þinglýsingar

**X** 26. jan. 2012

Frumrit stimplað kr. 643.200 TRS

1 KA  
AS BAP

3. gr.

Kaupandi yfirtekur hlutdeild í lóðarleigusamningi við ríkissjóð Íslands frá 5. apríl 2006. Á lóðinni hvílir kvæð um nýtingu hennar. Ríkissjóður á forkaupsrétt að eigninni og er samningur þessi gerður með fyrirvara um að forkaupsrétti verði hafnað. Kaupanda er ljóst að forkaupsrétturinn og aðrar kvaðir samkvæmt lóðarleigusamningi haldast áfram á eigninni.

4. gr.

Kaupandi greiðir skatta og skyldur af eigninni frá undirskrift samnings þessa, og hirðir arð hennar frá þeim tíma, en seljandi til þess tíma.

5. gr.

Eignin er enn í byggingu og þekkir kaupandi byggingarstig og ástand eignarinnar og hefur ekkert við það að athuga. Kaupandi hefur haft afnot eignarinnar frá því áður en seljandi eignaðist hana og eru allar framkvæmdir sem kaupandi hefur ráðist í á ábyrgð kaupanda og seljanda óviðkomandi. Eignin er seld í núverandi ástandi sem kaupandi þekkir gerla og sættir sig við að öllu leyti. Seljandi afhendir eignina án þess að settur hafi verið upp milliveggur í rými 0101 skv. eignaskiptasamning. Kaupandi tekur að sér að láta reisa vegginn í samræmi við hönnun hússins. Kaupanda er kunnugt um þær athugaemdir sem gerðar hafa verið á húsnæðinu við stöðuúttekt byggingarfulltrúa á því (sbr. fylgiskjal nr. 3). Kaupandi yfirtekur allar skyldur vegna þessara atriða og ber ábyrgð á að þeim framkvæmdum sem þar eru nefndar verði lokið. Seljandi afhendir eignina án þess að afmarkað hafi verið rými á millilofti sem ætlað er Neyðarlínunni. Umrætt rými og samningar um það eru á ábyrgð kaupanda og seljanda óviðkomandi.

6. gr.

Hið selda hefur þegar verið afhent kaupanda.

7. gr.

Fasteignin er seld án veðbanda og annarra kvaða en í samningi þessum og meðfylgjandi eignaskiptasamningi greinir. Við samningsgerð þessa kynntu aðilar sér eftirfarandi gögn og gerðu engar athugasemdir við þau; a) þinglýsingarvottorð fyrir fasteignina Árvegur 1 b) vottorð Fasteignamats ríkisins.

8. gr.

Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitssemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komi hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem varða hagsmuni gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann um það.

9. gr.

Kaupandi skal láta þinglýsa samningi þessum svo fljótt sem verða má. Kaupandi greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af skjölum vegna sölu þessarar.

Nýti forkaupsréttarhafar rétt sinn er samningur þessi óskuldbindandi fyrir báða aðila.

10. gr.

Afsal skal gefið út 2. janúar 2017, enda hafi Björgunarfélagið þá innt af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í 2. til 7. tl. 2. gr. hér að framan (sbr. fylgiskjal nr. 1 þjónustusamningur).


2  
TRB  
FA  
IBP

11. gr.


Rísi mál út af kaupsamningi þessum skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands, Selfossi.

Til staðfestu framanrituðu eru nöfn kaupenda og seljanda undirrituð í votta viðurvist.


Selfossi 2. desember 2011.



f.h. seljanda (Sveitarfélagið Árborg)  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.




f.h. kaupanda (Björgunarfélags Árborgar)  
með fyrirvara um samþykki félagsfundar.

  
Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar


Dags. 23/01/12  
Forkaupsrétti hafnað  
að sinni. F.hr.

Vottar að rétti dags.,  
fjárræði og undirskrift aðila:



kt. Z70980-3689

kt. \_\_\_\_\_





Meðfylgjandi:

- 1) Þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Björgunarfélags Árborgar
- 2) Skuldabréf
- 3) Stöðuúttekt byggingarfulltrúa
- 4) Eignaskiptasamningur fyrir Árveg 1, Selfossi



## Þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Björgunarfélags Árborgar

Sveitarfélagið Árborg (SÁ), kt. 650598-2029, og Björgunarfélag Árborgar (BFÁ), kt. 470483-0839, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

### I. Skilyrði

- a) *Tilgangur* - Þjónustusamningur þessi er gerður til þess að uppfylla ákvæði í liðum 2 til 7 í 2. gr. kaupsamnings milli aðila dagsettu 2. desember 2011. Samningur þessi er fylgiskjal nr. 1 við samning hann og telst óaðskiljanlegur hluti þess samnings. Þegar andvirði veittrar þjónustu og vöru skv. samningi þessum hefur náð kr. 22.000.000,-, telst ákvæði í liðum 2 til 7 í 2. gr. kaupsamnings milli aðila dagsettu 2. desember 2011 uppfyllt.
- b) *Kynningarstarf* - BFÁ skuldbindur sig til þess að í ræðu og riti á vegum félagsins, s.s. auglýsingum/kynningum/fræðsluefni, komi ávallt fram að SÁ styrki félagið. Einnig skal félagið birta merki sveitarfélagsins í auglýsingum og öðru efni sem félagið sendir frá sér.
- c) *Forsvar* - Samningsaðilar eru sammála um að stjórn BFÁ fari með öll samskipti milli félagsins og/eða einstakra deilda þess og SÁ. Menningar- og fristundafulltrúi verði tengiliður af hálfu SÁ og formaður félagsins verði tengiliður af hálfu félagsins. Öll erindi félagsins til SÁ skulu send menningar- og fristundafulltrúa formlega. SÁ skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er.
- d) *Samvinna og samráð* - Samningsaðilar eru sammála um að náíð samráð og samvinna verði með aðilum á samningstímanum.
- e) *Framsal* - BFÁ er óheimilt að framselja til þriðja aðila þau verkefni sem tilgreind eru í II. kafla samnings þessa nema með leyfi framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar.

### II. Verkefni og andvirði þeirra

Greiðslur skv. liðum 2 til 7 í 2. gr. kaupsamnings milli aðila dagsettu 2. desember 2011 verða í formi þjónustu sem innt verði af hendi fyrir SÁ á árunum 2012 til 2016 og með afhendingu á vöru á sama tímabili allt í samræmi við þjónustusamning þennan.

BP  
R  
of

Miðað skal við að veitt þjónusta og vara sem afhent er skuli vera að andvirði 3.666.000 kr. á ári, ár hvert á framangreindu tímabili og skal yfirlit yfir veitta þjónustu og andvirði vöru sem afhent eru sveitarfélaginu tekið saman í árslok ár hvert.

Í samningi þessum tekur BFÁ að sér eftirfarandi verkefni;

a) *Umsjón með áramótabrennu og flugeldasýningar* – BFÁ tekur að sér að undirbúa, skipuleggja og stjórna áramótabrennu og fjórum flugeldasýningum í Árborg á ári hverju. BFÁ skal sjá um öll samskipti við lögreglu, tryggingafélög og aðra opinbera aðila, sækja um og greiða fyrir tilskilin leyfi og tryggingar, kaup á flugeldum, umsjón og ábyrgð með flugeldasýningu og umsjón og ábyrgð með áramótabrennu og auglýsingum.

Flugeldasýningar þessar verða haldnar í samvinnu við þá aðila sem bera ábyrgð á og stjórna þeim hátíðum sem sýningarnar verða í tengslum við.

Beiðnum um aðstoð frá tækni- og veitusviði í tengslum við hátíðarhöldin skal beint til tækni- og veitustjóra og skal afrit sent menningar- og frístundafulltrúa. Beiðni um aðstoð þarf að berast viku fyrir áætlaðan viðburð.

SÁ stendur undir kostnaði vegna: Vinnuframlags starfsmanna áhaldahúss vegna undirbúnings, gerð og frágangs brennu og Stef-gjöldum.

Andvirði a-liðar er **kr. 1.426.000,-** og sundurliðast þannig;

- i) Áramótabrenna og flugeldasýning 1 kr. 376.000,-.
- ii) Flugeldasýning 2 kr. 350.000,-. (Stokkseyri í janúar)
- iii) Flugeldasýning 3 kr. 350.000,-. (Þrettándinn á Selfossi)
- iv) Flugeldasýning 4 kr. 350.000,-. (Sumar á Selfossi)

Innifalið í framangreindu andvirði eru öll útgjöld tengd áramótabrennunni og flugeldasýningu, s.s. öll útgjöld vegna leyfisveitinga, trygginga og flugelda.

BFÁ skuldbindur sig til að flugeldasýningar þær sem haldnar verða á samningstímanum séu sambærilegar að gæðum og þær hafa verið undanfarin ár og bæði Sveitarfélaginu Árborg og BFÁ til sóma.

b) *Þátttaka og gæsla á viðburðum í Sveitarfélaginu Árborg* – BFÁ tekur að sér þátttöku í 3-5 hátíðarhöldum í Árborg í samvinnu við þá aðila sem bera ábyrgð á og stjórna hátíðunum samkvæmt sérstökum samningi við sveitarfélagið. Þarna á við t.d. Vor í Árborg, Sumar á Selfossi, Landsmót fornbílaklúbbsins o.fl. Einnig tekur BFÁ að sér gæslu á 2-3 tónleikum eða öðrum viðburðum sem sveitarfélagið skipuleggur eða semur við aðra aðila að sjá um.

Andvirði b-liðar er **kr. 350.000,-**.

c) *Gerð gönguskíðabrauta í Sveitarfélaginu Árborg* – BFÁ tekur að sér að gera gönguskíðabrautir í Árborg þegar veður leyfir sem og að halda þeim við. Einnig að merkja upphafsstaði brautanna vel og skilmerkilega. Þetta skal gert í samráði við menningar- og frístundafulltrúa. SÁ leggur til sérstakan sleða sem markar brautina en björgunarfélagið farartæki til að draga sleðann.

Andvirði c-liðar er **kr. 120.000,-**.

2  
G B P

d) *Umsjón með sjómanna deginum á Stokkseyri* – BFÁ tekur að sér að skipuleggja, stjórna og annast framkvæmd sjómanna dagsins á Stokkseyri fyrir íbúa Sveitarfélagsins Árborgar. BFÁ sér einnig um að markaðssetja og auglýsa hátíðina í staðar og landsblöðum. BFÁ er hvatt til að leita samráðs og samvinnu um verkefnið hjá frjálsum félögum á sviði tómstunda, lista- og menningar. BFÁ skal skipa undirbúnings- og framkvæmdanefnd sem ber ábyrgð á verkefninu f.h. félagsins og að tilnefndur verði stjórnandi og ábyrgðaraðili hátíðarhaldanna.

Sjómanna dagurinn er fjölskylduhátíð og er gerð krafa um fjölbreytta dagskrá sem hentar öllum aldurshópum.

Drög að dagskrá hátíðarhaldanna skulu kynnt menningar- og frístundafulltrúa og skal hafa náð samráð við hann um dagskrá og framkvæmd hátíðarhaldanna.

BFÁ er ekki heimilt að stofna til fjárskuldbindinga fyrir SÁ í tengslum við hátíðina.

Beiðnum um aðstoð frá tækni- og veitusviði í tengslum við hátíðarhöldin skal beint til tækni- og veitustjóra og skal afrit sent menningar- og frístundafulltrúa. Beiðni um aðstoð þarf að berast viku fyrir áætlaðan viðburð.

Fjárhagslegt uppgjör hátíðarhaldanna skal sent menningar- og frístundafulltrúa eigi síðar en 1. október ár hvert.

Andvirði d-liðar er **kr. 170.000,-**.

e) *Snjómokstur* – BFÁ tekur að sér að annast vinnu í 120 klukkutíma við snjómokstur fyrir SÁ á hverjum vetri vegna tilfallandi verkefna s.s. í þági eldri borgara í sveitarfélaginu.

Andvirði e-liðar er **kr. 350.000,-**.

f) *Jóla ljós* – BFÁ tekur að sér að vinna í 80 klukkutíma við uppsetningu og viðhald jóla ljósa á Ólfusárbrú.

Andvirði f-liðar er **kr. 250.000,-**.

g) *Tjöldun á tjaldi og jólagarður* – BFÁ tekur að sér að annast uppsetningu og frágang á samkomutjaldi sem er í eigu sveitarfélagsins í fimm skipti á ári hverju tengt hátíðum og jólagarðinum. Þá sér félagið einnig um daglega gæslu og umsjón með jólagarðinum á Selfossi ár hvert. Um er að ræða c.a 6-7 opnanir í desember. Félagið myndi einnig koma að lokafrágangi í garðinum og er þá miðað við eina kvöldstund. Fulltrúi frá BFÁ ætti sæti í undirbúningshópi jólagarðsins.

Komi í ljós í enda hvers árs að vinnuframlag vegna tjaldana hafi verið minna en samningur þessi kveður á um, verði hægt að nýta þjónustu félagsins í tengslum við jólagarðinn eða í önnur verkefni sem aðilar eru sammála um.

Andvirði g-liðar er **kr. 1.000.000,-**.

### III. Íþróttamannvirki

a) *Ókeypis í sund* - SÁ veitir ókeypis aðgang að sundstöðum Árborgar í eftirfarandi tilvikum:

3  
FA  
BR

- i) Þátttakendum á námskeiðum á vegum BFÁ sem haldin eru í sveitarfélaginu þann dag/ þá daga sem viðburðurinn stendur yfir
- ii) Þátttakendum í æfingabúðum í sveitarfélaginu sem skipulagðar eru af BFÁ þann dag/þá daga sem æfingabúðir standa
- iii) Félagsmönnum BFÁ sem eru að koma úr lengri útköllum. Formaður félagsins lætur forstöðumann sundlauga Árborgar vita af komu þeirra svo fljótt sem auðið er í tölvupósti á [thordise@arborg.is](mailto:thordise@arborg.is) og afrit sent á [bragi@arborg.is](mailto:bragi@arborg.is) eða í síma 480-1960.

BFÁ skal tilkynna með góðum fyrirvara um mót/viðburði sem tilgreind eru í liðum a og b til forstöðumanns og menningar- og frístundafulltrúa ásamt upplýsingum um áætlaðan fjölda gesta og komutíma.

BFÁ skal tryggja að þátttakendur geri með fullnægjandi hætti grein fyrir sér í afgreiðslu viðkomandi sundstaða. Starfsmenn viðkomandi sundstaða skulu skrá fjölda þátttakenda einstakra viðburða sem notfæra sér boð um ókeypis sundferð þannig að ávallt liggja fyrir fjöldi heimsóknna og kostnaður sveitarfélagsins við þennan lið samningsins.

#### IV. Almenn ákvæði

a) *Gildistími* - Þjónustusamningur þessi gildir frá undirskrift til ársloka 2016. Með samningi þessum fellur úr gildi samstarfsamningur milli aðila dagsettur 9. október 2009.

b) *Andvirði greiðslna* – Andvirði greiðslna er tilgreint hér að framan. Skal yfirlit yfir veitta þjónustu og andvirði vöru sem afhent eru SÁ tekið saman í árslok ár hvert og skilað til menningar- og frístundafulltrúa SÁ.

Þá skal BFÁ jafnframt tilkynna menningar- og frístundafulltrúa SÁ þegar verkliðum hér að framan í II. kafla er lokið. Komi til þess að SÁ óski eftir frekari vinnu/þjónustu við framangreinda verkliði en þar er tilgreind skal samið um slíkt sérstaklega.

Auk framangreindra fjárhæða sem tilgreindar eru hér að framan sem andvirði þeirra verkliða sem tilteknir eru í II. kafla greiðir SÁ kostnað vegna: Afnota af húsnæði og búnaði í eigu sveitarfélagsins, flöggun, vinnuframlag starfsmanna áhaldahúss og Stef-gjöld.

c) *Ágreiningur* - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms, sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefni einn mann í dóminn, en sýslumaðurinn á Selfossi tilnefni oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

d) *Endurskoðun* – Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða einstökum liðum ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða forsendur breytast verulega. Beiðni um endurskoðun skal gerð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Kröfu um endurskoðun verður að koma á framfæri við sveitarfélagið áður en árleg vinna við fjárhagsáætlun hefst og eigi síðar en 1. ágúst. Við sérstakar aðstæður er hægt að endurskoða þennan samning án fyrirvara að gefnu samþykki beggja aðila.

Komi fram beiðni um endurskoðun einstakra liða gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.


e) *Riftun* – Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvis að því að brjóta gróflega eða itrekað ákvæði samnings þessa, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum eða

forsendur samningsins breytast verulega getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi mánuði eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.


f) *Eftirlit* - Eftirlit með samningi þessum er í höndum menningar- og frístundafulltrúa.


Selfossi, 2. desember 2011

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

F.h. Björgunarfélags Árborgar

  
Inga Birna Pálsdóttir, formaður

  
Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að réttri dagsetningu,  
undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn



Kt.

270980-3689

Nafn

Kt.





Árborg byggingarfulltrúi  
STÖÐUÚTTEKTARVOTTORÐ

Eign: Árvegur 1  
Landnúmer: 207355  
Matshluti: 01  
Skýring: Tækjasalur ofl.  
Lóðahafi:  
Byggingastjóri hússins: 0304755939 Gestur Már Þráinsson  
Meistarar hússins: 0304755939 Gestur Már Þráinsson Húsasmíðameistari  
2105725709 Helgi Már Björnsson Pípulagningameistari  
2810537799 Jón Finnur Ólafsson Raflagnameistari  
Dagsetning stöðuúttektar: 20/06/2011

Viðstaddir stöðuúttekt: Byggingarfulltrúi, Slökkviliðsstjóri, Byggingastjóri,

Staða framkvæmda: Verið er að leggja lokahönd á miðjubyggingu og austurhluta hússins.

Úrbætur:

Hluti brunavarna og HSu:

- Vaska vantar víða í stóra sal brunavarna og hsu.
- Loftræstingu vantar í salerni í austurenda stóra sals.
- Fellistiga vantar af svölum efri hæðar í miðjubyggingu.
- Utanhússfrágangi miðjubyggingar er ólokið.
- Útiljós vantar á svalir íbúðar á 2.hæð miðjubyggingar.
- Burðarþolshönnun vantar af timburstígum beggja vegna miðjubyggingar.
- Hurð vantar á gang við salerni á jarðhæð miðjubyggingar.
- Vantar eldvarnarlokanir lagnastokks í kjallara miðjubyggingar.
- Brunapéttingar vantar í vegg við inntaksrými.
- Vantar slár við klósett á salerni fatlaðra í kjallara.
- Gúmmíglerlisti í E30 gluggum er ólöglegur sem brunapétting.
- Niðurfall vantar af svölum úr íbúð HSu á 2.hæð.
- Lúga upp í loftræstiklefa á að vera EIS60, þéttikant vantar og styrkja þarf hlerann.
- Vantar brunavegg í tæknirými fyrir sjálfvirk úðakerfi.
- Plastlagn í tæknirými er ólögleg.
- Vantar sprinklerstút í vesturenda sals.
- Vantar sprinklerstút neðan í neðsta stigapall í norðurenda miðrymis.
- Brunapéttingu í lagnastokk vantar almennt.
- Vantar sprinklerstút í tæknirými.
- Vantar brunafrágang á skólprörum neðan úr lofti í tæknirými. Má ekki klæða þar sem rörin eru.

Hluti Björgunarsveitar:

- Vantar handrið og hönnun á stiga.
- Brunapéttingu vantar á lagnir í geymslu við stiga í kjallara.
- Milliloft í sal óhannað. Enginn aðgangur og engin handrið.
- Eldvarnarvegg vantar í sal.
- Skilgreina þarf, og síðar framkvæma, brunavarnir "geymslu" á millilofti, en þar er önnur óskyld starfsemi.
- Vantar 2 stk sprinklerstúta við stiga.
- Vantar 1 stk sprinklerstút í félagsheimili á 2.hæð.
- Vantar 4 stk sprinklerstúta fyrir ofan milliloft í sal.
- Niðurfall vantar á salerni.
- Brunapéttingu, loftræstingu og eldvarnarfrágang almennt vantar í "geymslu" á millilofti í sal.

Frestur til úrbóta: 20/08/2011

Áframhaldandi ábyrgð byggingastjóra og meistarar:

Byggingastjóra er kunnugt um áframhaldandi ábyrgð sína og annarra meistarar á verkinu. Byggingastjóri skal upplýsa alla meistarar á verkinu um áframhaldandi ábyrgð þeirra á því og jafnframt um niðurstöðu þessarar stöðuúttektar.

BP  
K  
K

Selfossi 18/07/2011

\_\_\_\_\_  
Byggingastjóri

\_\_\_\_\_  
Byggingarfulltrúi

\_\_\_\_\_  
Slökkviliðsstjóri